

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1332/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1465/2004 frá 17. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 852/2003) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zs. **32004 R 1259**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 11.

- 1zt. **32004 R 1288**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10).
- 1zu. **32004 R 1332**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1332/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8).
- 1zv. **32004 R 1333**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11).
- 1zw. **32004 R 1453**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3).
- 1zx. **32004 R 1465**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1465/2004 frá 17. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1259/2004, 1288/2004, 1332/2004, 1333/2004, 1453/2004 og 1465/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.